

Grænt bókhald

Skýrsla

2022



Terra Efnaeyðing hf.
kt. 691298 – 2729
Berghella 1
221 Hafnarfjörður
Flokkur 5



Efnisyfirlit

Staðfesting stjórnar	bls. 2
Áritun endurskoðenda	bls. 3
Inngangur	bls. 4
Almennar upplýsingar um fyrirtækið	bls. 5
Umhverfis-, gæða- og öryggisstefna	bls. 6
Frárennsli, auðlindanotkun o.fl.	bls. 6-7
Fylgiskjöl	bls. 8-12



Staðfesting stjórnar.

Stjórn fyrirtækisins samþykkti umhverfis-, gæða- og öryggistefnu 17. mars 2022 til að skýra áherslur fyrirtækisins í umhverfismálum.

Fyrirtækið framfylgir vottuðum umhverfis- og gæðastjórnunarkerfum, ISO 14001:2015 og ISO 9001:2015.

Skráning græns bókhalds er einn hlekkur í því að fylgjast með þeim þáttum í starfsemi fyrirtækisins sem hafa á áhrif á umhverfið og setja markmið í umgengni um umhverfi og auðlindir.

Framkvæmdastjóri Terra Efnaeyðingar hf. staðfestir hér með fyrir hönd stjórnar skýrslu um grænt bókhald.

Jón H. Steingrímsson,
framkvæmdastjóri.



Óháð staðfesting til Terra Efnaeyðingar hf. vegna græns bókhalds

Til stjórnar og hluthafa í Terra Efnaeyðingu hf.

Við höfum kannað skýrslu Terra Efnaeyðingar hf. um grænt bókhald fyrir árið 2022. Staðfesting okkar felst í skoðun á því hvort tölur sem gefnar eru upp í skýrslu Terra Efnaeyðingar hf. um grænt bókhald sé í samræmi við fjárhagsbókhald fyrirtækisins.

Ábyrgð stjórnenda

Græna bókhaldið er lagt fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.

Ábyrgð okkar

Ábyrgð okkar felst í að afla nægilegrar vissu um og gefa óháð álit á því hvort upplýsingar séu réttar og í samræmi við starfsleyfi og lög og reglur um grænt bókhald. Skoðun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISAE 3000 um staðfestingar. Samkvæmt honum ber okkur að fara eftir settum siðareglum, þar með talið óhæðiskröfum, og skipuleggja og haga vinnu okkar þannig að nægjanleg víska fáist um hvort ákveðnar upplýsingar í skýrslunni séu í meginatriðum án annmarka.

Í því sambandi var eftirfarandi kannað með úrtökum:

- Hvort tölur sem gefnar eru upp séu í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins
- Hvort tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu í samræmi við frumgögn
- Hvort skilyrðum í lögum og reglum um innihald skýrslna um grænt bókhald sé fullnægt


Við teljum að við skoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit:

Það er álit okkar að skýrsla Terra Efnaeyðingar hf. um grænt bókhald sé gerð í samræmi við lög og reglur um innihald skýrslna um grænt bókhald og tölulegar upplýsingar í skýrslunni séu í samræmi við þær aðferðir sem þar er gerð grein fyrir.

Kópavogur, 28. apríl 2023

Deloitte ehf.



Eyjólfur Bjarni Sigurjónsson
endurskoðandi

Inngangur

Grænt bókhald er verkfæri til að halda utan um ákveðna umhverfispætti og skoða niðurstöður hverju sinni og setja sér ný markmið.

Í skýrslunni eru almennar upplýsingar um fyrirtækið og hlutverk þess og sagt frá því hvernig umhverfismálum er háttað.



Almennar upplýsingar um fyrirtækið.

Starfsleyfi

Á árinu 2015 gaf Umhverfisstofnun út endurskoðað starfsleyfi vegna flutnings starfseminnar í nýja starfsstöð í Berghellu 1 í Hafnarfirði. Það tók gildi 9. september 2015 og gildir til 9. september 2031. Starfsleyfið skal endurskoðað á fjögurra ára fresti. Eftirlitsaðili er Umhverfisstofnun.

Fyrirtækið

Terra Efnaeyðing hf. var stofnuð þann 17. desember 1998. Heimilisfang er að Berghella 1, 221 Hafnarfjörður.

Eigendur þann 31.12.2022 voru:

Terra umhverfisþjónusta hf.

Stjórn var þannig skipuð í árslok 2022

Valgeir Baldursson, stjórnarformaður
Davíð Þór Jónsson, aðalstjórn (meðstjórnandi)
Guðmundur Páll Gíslason, varastjórn

Á milli stjórnarfunda starfar framkvæmdastjóri Terra Efnaeyðingar hf., Jón H. Steingrímsson, í umboði stjórnar.

Stöðugildi hjá Terra Efnaeyðingu hf.

Meðalfjöldi starfsmanna umreiknaður í heilsársstörf var u.þ.b. 16 árinu.

Hlutverk

Hlutverk Terra Efnaeyðingar hf. er að taka við spilliefnum og öðrum úrgangi frá einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum og sjá um að koma þeim í endurvinnslu, endurnýtingu eða eyða þeim á faglegan og öruggan hátt fyrir umhverfið.

Terra Efnaeyðing hf. er í samvinnu við örugga og trausta aðila um vinnslu, nýtingu og/eða eyðingu efna, bæði innanlands og erlendis.

Uppgjörstímabil græns bókhalds

Grænt bókhald hefur sama uppgjörstímabil og ársreikningur félagsins, frá 1. janúar til 31. desember ár hvert.



Umhverfis-, gæða- og öryggistefna

Terra umhverfisþjónusta hf., og dótturfélög vinna markvisst að því að vera til fyrirmyndar hvað varðar umhverfis-, gæða- og öryggismál. Í því skyni er mótuð stefna um þessi mál og hún endurskoðuð reglulega, síðast þann 17. mars 2022. Stefnuna er að finna í fylgiskjali með skýrslunni.

Frárennslismál.

Lokað frárennsliskerfi.

Frárennslis frá vinnusvæði er í lokuðu frárennsliskerfi. Losun úr því fer eftir föstu verklagi og er skráð sérstaklega (sjá fylgiskjal nr. 1).

Safnþró fyrir affall af gólfi í húsi.

Safnþró fyrir affall af gólfi í húsi er 6 m³ að stærð. Lokað er fyrir frárennslis frá henni þangað til hún fyllist og er þá hleypt úr henni hafi engin óhöpp átt sér stað. Úr þessari þró rennur í safnþró fyrir útisvæði. Ef efni hellist niður sem getur haft skaðleg umhverfisáhrif er dælt upp úr þrónni og efninu komið fyrir í lokuðum ílátum og í réttan farveg til eyðingar.

Safnþró fyrir affall af útisvæði.

Safnþró fyrir affall af útisvæði er 32 m³ að stærð og tekur hún við því sem rennur af útisvæði lóðar auk þess sem kemur frá húsi, sbr. að ofan. Ef efni hellist niður sem getur haft skaðleg umhverfisáhrif er dælt upp úr þrónni og efninu komið fyrir í lokuðum ílátum og komið í réttan farveg til eyðingar.

Eftirlit og sýnataka.

Tekin eru vökvasýni úr safnþró einu sinni á ári. Þau eru send á rannsóknastofu til efnagreiningar til að kanna hvort innihald skaðlegra efna sé yfir leyfilegum mörkum. Umhverfisstofnun hefur með höndum reglubundið mengunarvarnaeftirlit með starfseminni og fer meðal annars yfir niðurstöður framangreindra mælinga. Niðurstöður mælinga á árinu reyndust ekki gefa tilefni til athugasemda.

Söfnunarþjónusta.

Terra Efnaeyðing hf. þjónustar viðskiptavinum meðal annars með því að reka söfnunarþjónustu og sækja til þeirra úrgang. Bifreiðar sem notaðir eru í þetta verkefni ganga fyrir bensíni og díselolíu.

Birgðahald.

Leitast er við að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum með því að lágmarka birgðahald, þ.e.a.s. efnum er komið eins fljótt og auðið er í viðeigandi farveg hvort sem er í endurvinnslu, endurnýtingu eða eyðingu. Á vinnusvæðinu er fylgt IMO- og ADR-reglum varðandi uppröðun efna og merkingu kara.



Óhöpp.

Umhverfisóhöpp- og slys eru skráð skv. verklagi þar um. Á árinu 2022 voru eftirfarandi slys og óhöpp skráð í kerfið:

Tegund óhapps	Fjöldi óhappa
Slys	0
Næstum því slys	1
Umhverfisóhöpp	0
Önnur óhöpp 1)	7

- 1) Hér er átt við óhöpp þar sem fljótandi spilliefni leka niður á lóð eða gólf en eru hreinsuð upp áður en þau valda skaða á umhverfinu. Í öllum tilvikum er magnið minna en 5 ltr. og oftast minna en 1 ltr.

Breytur um auðlindanotkun í grænu bókhaldi.

Breyta	Eining	2022	2021	2020
Rafmagn	Kwh	175.213	152.345	170.313
Heitt vatn	m ³	5.760	5.687	6.240
Bensín	L	453	480	580
Sódi til hlutleysingar	Kg	0	0	5.975
Dísilolía	L	22.396	23.069	22.454
Plast v/rafgeyma	m ²	2.000	0	3.000
Brettahettur	stk	3.200	2.600	2.800
Strekkifilma	m ²	135	36.849	69.000

Til frekari útskýringar:

- Magntölur sem fram koma í grænu bókhaldi eru unnar upp úr reikningum frá birgjum.

Lokaorð.

Vernd umhverfis og náttúru er eðli málsins samofin starfsemi Terra Efnaeyðingar, enda kjarnastarfsemi fyrirtækisins að safna og koma spilliefnum í réttan farveg og koma þannig í veg fyrir mengun náttúrunnar.

„Skiljum ekkert eftir“ er kjörorð fyrirtækisins og það metnaðarmál að vera í fararbroddi á sviði umhverfismála, að sinna öllum verkefnum eins og best verður á kosið og þróa starfsemina áfram í góðri sátt við yfirvöld, náttúru og viðskiptavini.



Fylgiskjal nr. 1 Skráning frárennslis

Árið 2022

Dagsetning		Stærri þró(32m ³). Hér skal skráð: 6.500L = 1/4 13.000L = 1/2 19.500L = 3/4 26.000L = 1/1	Minni þró(6m ³). Hér skal skráð: 1.200L = 1/4 2.400L = 1/2 3.600L = 3/4 4.800L = 1/1
jan		117.000	18.000
feb		253.500	33.600
mar		201.500	27.600
apr		156.000	24.000
maí		162.500	20.400
jún		162.500	20.400
júl		149.500	15.600
ágú		143.000	16.800
sep		162.500	14.400
okt		188.500	15.600
nóv		136.500	20.400
des		149.500	14.400
	Heildarrennslis	1.982.500	241.200

Samtals meðaltalsrennslis(L) í mánuði	165.208
Samtals rennslis(L) pr.dag	5.432
Samtals rennslis(L) pr.klst	226

Eurofins Umwelt Ost GmbH - Löbstedter Strasse 78 - D-07749 Jena

Syni Laboratory Service
Vikurhvarf 3
IS 203 Kopavogur
ICELAND

Title : **Extract from (Batch): AR-22-JE-046221-01 (62237526)**

Test report number : **EX-22-JE-000512-01**

Project name : **Water analysis**

Number of samples : **1**

Sample type: **waste water**

Sample Taker: **not specified, sample(s) were delivered to lab**

Sample reception date : **2022-12-08**

Sample processing time : **2022-12-08 - 2022-12-15**

The test results refer solely to the analysed test specimen. Unless the sampling was done by our laboratory or in our sub-order the responsibility for the correctness of the sampling is disclaimed. This analytical report is only valid with signature and may only be further published completely and unchanged. Extracts or changes require the authorisation of the EUROFINS UMWELT in each individual case.

Our General Terms & Conditions of Sale (GTCS) are applicable, as far as no specific agreements do exist. The GTCS are available on <http://www.eurofins.de/umwelt/avb.aspx>.

Accredited test laboratory according to DIN EN ISO/IEC 17025:2018 DAkkS notification under the DAkkS German Accreditation System for Testing. The laboratory is according (D-PL-14081-01-00) accredited.

Katja Frey
Analytical Service Manager
Phone +49 3641 4649 79

Digitally signed 12/19/2022
Katja Frey
Prüfleitung



				Description		13811
				Sample number		622190188
Parameter	Lab	Accr.	Method	LOQ	Unit	

Elements from the oxidative acidic digestion according to AbwV

Antimony (Sb)	FR	F5	DIN EN ISO 17294-2 (E29): 2017-01	0.01	mg/l	< 0.01
Arsenic (As)	FR	F5	DIN EN ISO 17294-2 (E29): 2017-01	0.05	mg/l	< 0.05
Lead (Pb)	FR	F5	DIN EN ISO 17294-2 (E29): 2017-01	0.005	mg/l	< 0.005
Cadmium (Cd)	FR	F5	DIN EN ISO 17294-2 (E29): 2017-01	0.001	mg/l	< 0.001
Chromium (Cr)	FR	F5	DIN EN ISO 17294-2 (E29): 2017-01	0.005	mg/l	0.006
Iron (Fe)	FR	F5	DIN EN ISO 17294-2 (E29): 2017-01	0.02	mg/l	0.10
Copper (Cu)	FR	F5	DIN EN ISO 17294-2 (E29): 2017-01	0.005	mg/l	< 0.005
Molybdenum (Mo)	FR	F5	DIN EN ISO 17294-2 (E29): 2017-01	0.02	mg/l	< 0.02
Nickel (Ni)	FR	F5	DIN EN ISO 17294-2 (E29): 2017-01	0.005	mg/l	< 0.005
Zinc (Zn)	FR	F5	DIN EN ISO 17294-2 (E29): 2017-01	0.01	mg/l	0.06

Elements from the oxidative digestion acc. to DIN EN ISO 11885:2009-09 appx. A1

Tin (Sn)	FR	F5	DIN EN ISO 17294-2 (E29): 2017-01	0.05	mg/l	< 0.05
----------	----	----	-----------------------------------	------	------	--------

Elements from the oxidative digestion acc. to DIN EN ISO 12846: 2012-08

Mercury (Hg)	FR	F5	DIN EN ISO 12846 (E12): 2012-08	0.0005	mg/l	< 0.0005
--------------	----	----	---------------------------------	--------	------	----------

Organic sum parameters from the homogenized sample

AOX	FR	F5	DIN EN ISO 9562 (H 14): 2005-02	0.05	mg/l	< 0.05
-----	----	----	---------------------------------	------	------	--------

BTEX and aromatic hydrocarbons

Benzene	FR	F5	DIN 38407-9 (1): 1991-05 (MSD)	0.5	µg/l	< 0.5
Toluene	FR	F5	DIN 38407-9 (1): 1991-05 (MSD)	1.0	µg/l	2.0
Ethylbenzene	FR	F5	DIN 38407-9 (1): 1991-05 (MSD)	1.0	µg/l	4.4
m-/p-Xylene	FR	F5	DIN 38407-9 (1): 1991-05 (MSD)	1.0	µg/l	16
o-Xylene	FR	F5	DIN 38407-9 (1): 1991-05 (MSD)	1.0	µg/l	5.7
BTEX (sum)	FR	F5	DIN 38407-9 (1): 1991-05 (MSD)		µg/l	28.1

Explanations

LOQ - Limit of quantification

Lab - Abbreviation of the performing laboratory

Accr. - Abbreviation of the accreditation of the performing laboratory

The parameters identified by FR have been performed by the laboratory Eurofins Umwelt Ost GmbH (Lindenstraße 11, Gewerbegebiet Freiberg Ost, Bobritzsch-Hilbersdorf). The accreditation code F5 identifies the parameters accredited according to DIN EN ISO/IEC 17025:2018 DAKkS D-PL-14081-01-00 .

Terra efnaeyðing hf.
Berghellu 1
221 Hafnarfjörður

Skýrsla nr.: 24211-22
Gerð sýnis: Vatn
Dags. beiðni: 1.12.2022
Dags. rannsóknar: 1.12.2022
Sýnataka: Terra efnaeyðing hf.
Tengiliður: Grétar Viðar Grétarsson
Starfsstöð: Terra efnaeyðing hf. - Berghellu 1

Sýni nr.	Mæling	Niðurstöður	Mælieining	Aðferð
22-13811	Vatnsýni úr þró 1 og 2, 29.11.2022			
	Svifagnir (TSS)	< 2	mg/L +/- 19%	Standard methods 2540 D
*	Olía og fita	6	mg/L	Standard method 5520 B
*	pH	8,8		
*	Rafleiðni	90	µs/cm @ 21,3° C	
*	Uppleyst efni (TDS)	54	mg/L	Standard methods 2540 C
*	Þungmálmur	Sjá viðhengi	mg/kg	
*	AOX	< 0,05	mg/L	DIN EN ISO 9562 (H 14): 2005-02
*	BTEX	28,1	µg/L	

Kópavogur, 19.12.2022

Athugasemdir við mælingar:

Þetta er prófunarskýrsla sem hefur verið yfirfarin og samþykkt á rafrænan hátt. Skýrslan er gild án undirskriftar

Mæling á BTEX var framkvæmd af Eurofins, Þýskalandi.
Mæling á þungmálmum var framkvæmd af Eurofins, Þýskalandi.

Magnús Snær Árnason
Sérfræðingur

* Ófaggildar mælingar

Við erum Terra

Við leiðum framfarir í umhverfispjónustu og skiljum ekkert eftir



Gæðastefna

Við vinnum markvisst að því að veita viðskiptavinum góða þjónustu á hagkvæman og umhverfisvænan hátt. Unnið er eftir gæðastefnu sem miðar að því að:

1. Tryggja að þarfir og væntingar viðskiptavina séu ávallt uppfylltar, með reglulegum mælingum og eftirfylgni.

2. Jákvætt samstarf sé viðhaft við innri og ytri viðskiptavini, með reglulegum samskiptum.

3. Greina tækifæri til úrbóta og framþróunar, m.a. með eftirfylgni ábendinga og verkefna þannig að stöðugum úrbótum sé viðhaldið.

4. Tryggja starfsfólki góðar starfsaðstæður og tækifæri á reglulegri þjálfun og fræðslu.

5. Allir starfsmenn fyrirtækisins fylgja vinnuferlum samkvæmt gæðastjórnunarstaðlinum ISO 9001:2015 til að uppfylla væntingar viðskiptavina og annarra hagsmunadila.



Umhverfisstefna

Við vinnum markvisst að því að lágmarka umhverfisáhrif starfseminnar og viðskiptavina. Unnið er eftir umhverfisstefnu sem miðar að því að:

1. Vera í farabroddi í meðhöndlun úrgangs á landsvísi og einsetja sér að kynna viðskiptavinum og starfsmönnum fyrirtækisins gildi endurvinnslu og endurnýtingar.

2. Leitast við að þekkja umhverfisáhrif starfseminnar og draga úr neikvæðum áhrifum á umhverfið, með reglulegum mælingum á þýðingarmiklum umhverfisþáttum.

3. Leggja sitt af mörkum til loftslagsmála með betri nýtingu auðlinda, bættri meðhöndlun úrgangs og með ráðgjöf til viðskiptavina.

4. Setja sér mælanleg umhverfismarkmið í þeim tilgangi að tryggja stöðugar úrbætur.

5. Fylgja lagalegum kröfum á sviði umhverfismála og vinna að stöðugum úrbótum í samræmi við umhverfisstjórnunarstaðalinn ISO 14001:2015.



Öryggisstefna

Við vinnum markvisst að því að tryggja öryggi starfsmanna á allan hátt. Unnið er eftir öryggisstefnu sem miðar að því að:

1. Vinnuumhverfi starfsmanna myndi kjöraðstæður fyrir andlega og líkamlega vellíðan þeirra við störf hjá fyrirtækinu.

2. Tryggja að ferli til stöðugra úrbóta sé til staðar og sé fylgt eftir með mælingum á árangri.

3. Fylgja lagalegum kröfum á sviði vinnuverndar, öryggismála og persónuverndar og vinna að stöðugum úrbótum.

4. Viðhalda reglulegri fræðslu með skipulegum og vönduðum hætti til starfsmanna og gesta.

5. Tryggja reglulegt eftirlit er lýtur að öryggismálum á öllum vinnusvæðum.

Samþykkt 17. mars 2022

Valgeir Baldursson

Forstjóri

